

ÆÐARFUGL

Æðarfugl er stór kafönd sem heldur sig nær eingöngu við sjó og er algengasta önd landsins. Karlfluglinn er kallaður bliki og hann er auðþekktur, hvítur að ofan og svartur að neðan með svarta kollu á höfði. Kvenfluglinn kallast kolla, hún er dökkbrún með fingert dökkt munstur.

Æðarfugl er afar fær kafari og nýtir þann eiginleika til að kafa eftir fjölbreyttri fæðu úr dýraríkinu. Hann étur til dæmis krækling og aðrar samlokur, sæsnigla, burstorma, krossfiska og krabbadýr. Stundum sækir hann líka í fiskúrgang í höfnum svo sem loðnuhrogn.

Æðarfugl verpur í stórum byggðum, margir fuglar saman. Æðarfuglinn fóðrar hreiðrið sitt með mjúkum, léttum og hlýjum dún sem kollan reitir af sér til að halda hita á eggjunum. Hljóðið sem blikinn gefur frá sér, rólegt „úú“, er eitt af einkennishljóðum vorsins á Íslandi.

